



NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS
ICELANDIC MUSEUM OF NATURAL HISTORY

Reykjavík 11.12.2013

Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.
Þingskjal 199 – 167. mál.

Náttúruminjasafn Íslands þakkar fyrir bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytisins þar sem stofnuninni er gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint frumvarp.

Hér er á ferð afar óvenjulegt frumvarp því það ógildir nýsett, vönduð og löngu brýn heildarlög um náttúruvernd nr.60/2013 sem samþykkt voru á Alþingi síðastliðið vor. Að baki lögunum lá mikil undirbúningsvinna með miklu samráði við alla helstu hagsmunaðila. Til grundvallar var lögð svokölluð *Hvítbók um náttúruvernd*, afar ítarlegt skjal með yfirliti yfir meginrætti í náttúru landsins, ógnir og aðsteðjandi hættu gagnvart náttúrunni, ásamt skilgreiningum á verndarþörf og tillögum um aðgerðir til að tryggja skynsamlega umgengni við náttúruna, fjórregg þjóðarinnar, til langs tíma. Hvítbókin, sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi, var unnin af helstu sérfræðingum á sviði lög- og náttúrufræða og var forskrift fyrir samningu umræddra náttúruverndarlaga. Þessi aðferð í lagasetningu, þar sem byggt er á opinni greiningavinnu og undirbúningi er einsdæmi og ætti að vera til fyrirmyndar við undirbúning lagafrumvarpa.

Það er mat Náttúruminjasafns Íslands að ekki séu nægjanlega sterk rök fyrir hendi til að fella úr gildi lögin í heild. Engir ríkir almannahagsmunir kalla á svo róttæka aðgerð en brýn nauðsyn er aftur á móti á því að efla og skýra verndarákvæði gömlu náttúruverndarlaganna nr. 40/1999 eins og gert er í náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Í athugasemdum þeim sem gerðar voru við frumvarpsdrög laga nr.60/2013 ber langmest á óánægju einstaklinga og samtaka á atriðum sem varða athafnafresli, einkum er snýr að ferðafresli á jeppum og frelsi til að gróðursetja og rækta tré og aðrar jurtir. Mótmælt var boðum og bönnum um akstur utan vega og akstur á tilteknum landssvæðum, og fundið var að því að skorður voru settar við sáningu framandi jurta og innflutning á lífverum sem skaðað geta vistkerfi landsins. Í þessu sambandi er brýnt að hafa í huga að meginmarkmið náttúruverndarlaganna er, samkvæmt orðanna hljóðan, **að vernda náttúruna**, en ekki að vernda frelsi einstaklinganna til athafna, allra síst athafna sem dæmin sanna að hafa leitt til rýrnunar og eyðileggingar á gæðum náttúrunnar, s.s. akstur utan vega, aukin jeppaumferð á fáförnum og nýjum slóðum á hálendinu, og sáning lúpínu á verndarsvæðum.

Flestar athugasemdir af framangreindu tagi eru lítt rökstuddar í vist- og umhverfisfræðilegu tilliti og til þess fallnar að leiða af sér tjón á náttúru landsins. Engin ástæða er til þess að fella lögin úr gildi með tilliti til þessa. Nægilegt hefði verið að færa til betri vegar hnökra og óskýr

atriði í einstökum lagagreinum. Gott dæmi um þetta er athugasemd við frumvarpið sem snýr beint að Náttúruminjasafni Íslands og 1. minnihluti umhverfis- og samgöngunefndar sendi frá sér (sbr. þingskjal 1248 – 429. mál., 141. Löggjafarþing 2012-2013, dags. 14. mars 2013), en þar segir:

„Fræðsla og kynning á náttúrunni.

Öflugt náttúruminjasafn er ein meginforsenda fyrir því að fræðsla um náttúruna verði aðgengileg almenningi. Í öllum vestrænum löndum og víðar skipta slík söfn miklu máli í náttúruvernd og fræðslu um náttúruna. Ríkisstjórnin hefur eins og kunnugt er ákveðið að veita hundruð milljóna króna til uppbyggingar á náttúruminjasýningu í Perlunni en þegar ný lög um náttúruvernd eru skrifuð veur sérstaka athygli að Náttúruminjasafni Íslands er ekki ætlað neitt hlutverk og er stofnunin hvergi nefnd í frumvarpinu. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir því að fræðsluhlutverk um náttúruna (13. gr.) sé bæði á vegum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Náttúruminjasafn Íslands er samkvæmt lögum sett á stofn sérstaklega til að sinna fræðsluhlutverki og óþarft að svo margar ríkisstofnanir sinni sama hlutverki. Eðlilegt er að fræðsluhlutverk verði á hendi Náttúruminjasafns og hafi sú stofnun samvinnu við hinar stofnanirnar enda verða fjármunir best nýttir á þann hátt.“

Tekið er undir þetta nefndarálit um fræðsluhlutverk Náttúruminjasafnsins og eru eftirfarandi breytingar (merktar rauðum lit) lagðar til á 13. grein frumvarpsins:

„III. kafli. Stjórn náttúruverndarmála.

13. gr. Yfirstjórn ráðherra og hlutverk stofnana.

Ráðherra fer með yfirstjórn náttúruverndarmála. Ráðherra gefur út náttúruminjaskrá og leggur fram á Alþingi, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Ráðherra ákveður friðlýsingu svæða og friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda og tekur jafnframt ákvörðun um breytingu og afnám friðlýsingar og friðunar.

Umhverfisstofnun fer m.a. með eftirlit með framkvæmd laganna, veitir leyfi og umsagnir samkvæmt ákvæðum laganna, annast umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða, ber ábyrgð á gerð umsýsluáætlana fyrir friðlýst svæði, sinnir fræðslu og veitir ráðherra ráðgjöf um náttúruverndarmál. Þá annast stofnunin undirbúning friðlýsinga, metur nauðsynlegar verndarráðstafanir á svæðum sem til greina kemur að setja á framkvæmdaáætlun og sér um kynningu tillögu að endurskoðaðri náttúruminjaskrá og úrvinnslu umsagna vegna hennar.

Náttúrufræðistofnun Íslands annast m.a. skráningu náttúruminja og mat á verndargildi þeirra, hefur umsjón með C-hluta náttúruminjaskrár og gerir tillögur um nýskráningar í hann sem og tillögur um minjar sem ástæða væri til að setja á framkvæmdaáætlun. Stofnunin ber ábyrgð á vöktun í samræmi við ákvæði laganna og skipuleggur framkvæmd hennar, veitir umsagnir samkvæmt lögum þessum, sinnir fræðslu og veitir ráðherra ráðgjöf um náttúruverndarmál.

Náttúruminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði náttúrufræða og er meginhlutverk þess fræðsla og upplýsingamiðlun um náttúru landsins, náttúruminjar, náttúruvernd og

nýtingu náttúruauðlinda. Stofnunin skal hafa samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun um kynningu á málefnum náttúruverndar samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra kveður í reglugerð nánar á um verkefni Umhverfisstofnunar, **og Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruminjasafns Íslands**, þar á meðal fræðsluhlutverk þeirra.“


Við 15. grein laganna er eftirfarandi breytingatillaga gerð:

„15. gr. Ráðgjafarnefnd og fagráð náttúruminjaskrár.

Ráðherra skipar ráðgjafarnefnd náttúruminjaskrár til fimm ára í senn. Skal nefndin skipuð sjö fulltrúum. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir þrjá fulltrúa en Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og það ráðuneyti sem fer með atvinnumál og jarðrænar auðlindir skipa einn fulltrúa hver. Ráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Hlutverk ráðgjafarnefndar er að vera ráðherra til ráðgjafar um gerð tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár. Það ráðuneyti sem fer með umhverfismál annast umsýslu vegna starfs nefndarinnar. Kostnaður við störf ráðgjafarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra skipar fagráð náttúruminjaskrár til fimm ára í senn. Skal ráðið skipað **áttanú** fulltrúum. Umhverfisstofnun, Skógrækt ríkisins, Veiðimálastofnun, Hafrannsóknastofnun, Minjastofnun Íslands, **Náttúruminjasafn Íslands**, Samtök náttúrustofa og náttúru- og umhverfisverndarsamtök tilnefna einn fulltrúa hver. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Fulltrúar í fagráði náttúruminjaskrár og varamenn þeirra skulu hafa háskólamenntun á sviði náttúrufræða nema fulltrúi Minjastofnunar Íslands sem skal vera fornleifafræðingur eða hafa sambærilega menntun sem lýtur að varðveislu menningarminja. Fagráð náttúruminjaskrár skal vera Náttúrufræðistofnun Íslands til ráðgjafar um gerð tillögu um minjar á náttúruminjaskrá, sbr. 2. mgr. 34. gr. Náttúrufræðistofnun Íslands annast umsýslu vegna starfs fagráðsins.“

Virðingarfyllst,



Dr. Hilmar J. Malmquist forstöðumaður